

**45. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 10. mars 2015
kl. 16:00**

Fundargerð

Fundurinn er haldinn í síma.

Mættir stjórnarmenn: Jón Björn Hákonarson (JBH), Sæunn Stefánsdóttir (SS), Karl Lauritzson (KL), Berglind Hasler (BH), Sveinn Jónsson (SJ), Þórunn Egilsdóttir (ÞE), Páll Baldursson (PB), Sigrún Birna Björnsdóttir (SBB).

Mættir starfsmenn: Signý Ormarsdóttir (SO) og Jóna Árný Þórðardóttir (JÁP) sem ritaði fundargerð

Mættir gestir: Skúli Björn Gunnarsson sat lið 2 á fundinum.

Dagskrá:

1. Staðfesting síðustu fundargerðar
2. Starfsháttanefnd – málefni í tengslum við aðalfund Austurbrúar
3. Innleiðingarátætlun – staða mála
4. Verkefnastaða Austurbrúar – yfirlit yfir verkefni og efst á baugi
5. Önnur mál
 - i. Starfsmannamál
 - ii. Húsnæðismál Vonarlandi
 - iii. Upplýsingamál
 - iv. Nýsköpunarmiðstöð
 - v. Hús handanna
 - vi. Fundargerð menningarráðs
 - vii. Brothættar byggðir

Jón Björn Hákonarson setti fundinn og bauð alla velkomna.

1. Staðfesting fundargerða

Fundargerð 44. fundar staðfest.

2. Starfsháttanefnd – málefni í tengslum við aðalfund Austurbrúar

Skúli Björn Gunnarsson formaður starfsháttanefndar og fylgdi eftir fundargerð starfsháttanefndar frá 4. mars 2015. Starfsháttanefnd hefur hafið störf við undirbúning í tengslum við hagsmunaaðilafund Austurbrúar 18. mars nk. og aðalfund Austurbrúar sem haldinn verður í lok apríl. Gert er ráð fyrir að formaður starfsháttanefndar komi aftur inn á næsta stjórnarfund í tengslum við þennan undirbúning.

Skúli Björn Gunnarsson víkur af fundi.

3. Innleiðingaráætlun – staða mála

JÁÐ fór yfir stöðu á verkefnum skv. þeirri innleiðingaráætlun sem samþykkt var í tengslum breytingu á skipuriti Austurbrúar. Mikil innri vinna hefur verið í gangi við að koma verkefnadrifna skipulaginu af stað og er nú farið að sjást fyrir endan á hluta af þeim verkefnum sem þar eru listuð. Reikna má með að mesti kúfurinn við að koma skipulaginu í gang sé að verða búinn og við það mun fókus aukast á önnur verkefni sem hafa þurft að bíða.

4. Verkefnastaða Austurbrúar – yfirlit yfir verkefni og efst á baugi

JÁÐ fór yfir yfirlit yfir verkefni Austurbrúar og það sem efst væri á baugi í hverju verkefni fyrir sig. Verkefnayfirlitið er unnið út frá því verkefnaskipulagi sem er verið að koma á. Fjöldmörg verkefni eru í vinnslu en það hefur reynst nauðsynlegt að forgangsraða m.t.t. þess mannafla sem Austurbrú hefur yfir að ráða. Stjórn leggur áherslu á að vinna að tekjuberandi verkefnum og leggur SJ til að yfirlitið verði þróað áfram m.t.t. árangus í verkefnum (árangusmælikvarðar).

5. Önnur mál

- i. Starfsmannamál

Málefni færð í trúnaðarmálabók

ii. Húsnæðismál Vonarlandi

JÁÐ fór yfir drög að húsaleigusamningi og útreikningi á húsaleigu fyrir Vísindagarðinn ehf. Stjórn leggur á það áherslu að við endurskipulagningu stofnunarinnar myndi Austurbrú sækjast eftir því að fara úr því hlutverki að hafa milligöngu um leigu á Vonarlandi og leigja bara það rými sem hún nauðsynlega þyrfti á árinu 2015 til að rækja starfsemi sína. Á grundvelli þess hafi fjárhagsáætlun verði gerð sem lögð hafi verið fyrir í desember. JÁÐ og JBH er falið að ræða við forsvarsmenn Vísindagarðsins á grundvelli þessa.

iii. Upplýsingamál

JÁÐ fór yfir minnisblað er fjallar um upplýsingamál. JÁÐ falið að skoða málið frekar á grundvelli umræðunnar á fundinum.

iv. Nýsköpunarmiðstöð – drög að samningi

JÁÐ fór yfir drög að samningi sem liggur fyrir er varðar starfsemi NMI á Djúpvavogi. Stjórn ítrekar að um samstarf Austurbrúar og NMI sé að ræða og að samningurinn verði að endurspegla það. JÁÐ falið að vinna málið áfram.

v. Hús handanna

JÁÐ kynnti drög að samkomulagi við Hús handanna.

vi. Fundargerð menningarráðs

SO fór yfir fundargerð Menningarráðs Austurlands. Það liggur fyrir samþykkt stjórnar um að leggja Menningarráð Austurlands niður í þeirri mynd sem það er í dag. Í samræmi við nýja sóknaráætlun er gert ráð fyrir stofnuð verði fagråd í tengslum við nýjan Úthlutunarsjóð Austurlands.

Stjórn Austurbrúar vill nýta tækifærið og þakka öllum þeim sem hafa setið í Menningarráði Austurlands kærlega fyrir mikið og gott starf. Verulega góður árangur hefur náðst í menningarmálum á Austurlandi undir öflugri forystu Menningarráðs Austurlands og tekur því nýtt umhverfi við góðu búi. Væntingar eru um áframhaldandi uppbyggingu menningar á Austurlandi Austfirðingum til heilla.

Páll Baldursson vîkur af fundi.

vii. Brothættar byggðir

JÁÐ fór yfir stöðu mála og rakti samskipti og viðræður undanfarinna daga.
JÁÐ og JBH falið að vinna málið áfram á grundvelli þess sem um var rætt.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundí slitið kl. 18:30

Jón Björn Hákonarson

Sæunn Stefánsdóttir

Berglind Hasler

Karl Lauritzson

Þórunn Egilsdóttir

Sigrún Birna Björnsdóttir

Sveinn Jónsson

Páll Baldursson